

Ársskýrsla Fríðuhúss fyrir árið 2015

Starfsemin

Á árinu 2015 nýttu 35 einstaklingar sér þjónustu Fríðuhúss, 24 konur og 11 karlar. Sjá frekari tölulegar upplýsingar varðandi starfsemina í meðfylgjandi skjali og þar sést líka samanburður milli ára. Það sem vekur athygli á liðnu ári eru hversu mikið flæði hefur verið hér í gegn þetta árið þ.e. það útskrifuðust 16 einstaklingar árið 2015 en einungis 7 árinu áður. Engin haldbær skýring er á þessum tölulega mun nema að e.t.v. erum við að fá veikari einstaklinga inn sem stoppa sumir frekar stutt. Fimm af þeim 16 sem útskrifuðust á árinu innrituðust einnig á árinu.

Eins og áður, hefur verið unnið eftir markmiðum dagþjálfunar Fríðuhúss og lögð áhersla á að styrkja og efla einstaklinginn samhliða því að veita honum öryggi og vellíðan. Reynt er að hafa starfið sem fjölbreytilegast til að höfða til sem flestra. Einnig veitum við fjölskyldum skjólstæðingana mikinn stuðning í formi viðtala, fjölskyldufunda og þjóðum þeim á aðstandendakynningu x 1 á ári. Hér hefur verið mótað gott starf gegnum árin og skjólstæðingar og aðstandendur hafa sem fyrr verið mjög ánægðir með þá þjónustu sem þeir hafa fengið.

Starfsmenn

Þroskaþjálfari er var í fæðingarorlofi kom aftur til vinnu í lok ágúst. Í árslok starfa hér þá 7 starfsmenn. Hjúkrunarfræðingur í 100% starfi, 2 þroskaþjálfarar annar í 100% starfi og hinn í 90%. 1 sjúkraliði í 100% starfi og 3 ófaglærðir í samtals 1,8 stöðugildum. Í heildina gera þetta 5,7 stöðugildi. Einn starfsmaður, ófaglærður hefur verið í 20% námsleyfi og er í félagsliðanámi.

Veikindadagar starfsfólks samanlagt yfir árið 2015 voru 81 dagar og 4 fjarvistadagar voru vegna veikinda barna.

Starfsmenn hússins fóru allir á skyndihjálparnámskeið á vegum Rauða Krossins og á málþing á vegum heilabilunareiningu LSH. Starfsdagarnir hafa verið nýttir í þetta auk þess sem starfsfólk hefur heimsótt aðra staði og til endurskipulagningu á starfinu.

S.I. vor fóru allir starfsmenn hússins í náms- og skemmtiferð til Helsinki í Finnlandi þar sem m.a. skoðuð var dagþjálfun fyrir einstaklinga með heilabilun og hjúkrunarheimili.

Utanaðkomandi þjónusta

Læknisþjónusta fyrir skjólstæðinganna hefur verið sinnt frá Landakoti og hefur Björn Einarsson, öldrunarlæknir séð um hana en Jón Snædal leyst hann af í fríum. Læknir kemur í húsið x 1 í viku og höfum við aðgang að honum gegnum síma þess á milli.

Þrif: Hreint hefur séð um þrifin hér í Fríðuhúsi og kemur x 2 í viku.

Matur: Hádegismatur hefur verið keyptur frá Matborðinu en starfsmenn hússins hafa séð um morgunmat og miðdegiskaffi.

Akstursþjónusta: Ferðaþjónusta Þórunnar hefur séð um akstursþjónustuna. Flestir nýta sér þessa þjónustu en þó keyra sumir aðstandendur sína hingað.

Fótaaðgerðarfræðingur kemur á 6 – 7 vikna fresti og gefst skjólstæðingum kostur á að nýta sér þjónustu hennar en þeir borga sjálfir fyrir þá þjónustu.

Hárgreiðslukona kemur x 1 í viku og gefst skjólstæðingum kostur á að nýta sér þjónustu hennar en greiða sjálfir fyrir þá þjónustu.

Sjúkraþjálfari kemur x 2 í viku og hefur sinnt 5 skjólstæðingum í heimasjúkraþjálfun sem greidd er af Tryggingarstofnun.

Nemar

Hjúkrunarfræðinemar af þriðja ári í hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands komu hingað í kynningu bæði á haustönn og vorönn. Einnig komu nemar af félagsliðabraut frá Borgarholtsskóla í kynningu. Töluvert hefur einnig verið um heimsóknir fagfólks frá hinum ýmsu stöðum til að kynna sér starfsemina hér.

Húsnæði

Dagbjálfunin leigir húsnæðið hér við Austurbrún af FAAS. Húsið er nýuppgert og allur aðbúnaður eins góður og hægt er miðað við stærð húsnæðisins.

Gjafir

Einn skjólstæðingur ásamt fjölskyldu sinni hefur verið okkur afar hliðhollur og hefur gefið okkur áskrift af Morgunblaðinu allt þetta ár, fartölvu, nýtt sjónvarp og apple TV.

Framtíðarsýn

Áhugi hefur vaknað fyrir því að veita heimahjúkrun á morgnanna, virka daga út frá Fríðuhúsi.

Undirbúningsvinna varðandi að fá að reisa hæsnakofa hér á lóðinni er hafin. Verið er að afla undirskrifta nágretta og sótt verður um leyfið í framhaldi á því.

Einnig er áhugi á að setja upp gróðrakassa eða einhverja aðra ræktun í garðinn til að nýta í virkni.

Reykjavík 19. febrúar 2016

Sigríður Lóa Rúnarsdóttir, hjúkrunarfræðingur

Forstöðumaður Fríðuhúss

Tölulegar upplýsingar úr starfsemi Fríðuhúss fyrir árin 2013 - 2015

	2015	%	2014	%	2013	%
Fjöldi skjólstæðinga	35		29		29	
Innskriftir	14		11		12	
Útskriftir	16		7		11	
Meðal biðtími eftir innskrift	6,6 mán		4,7 mán		8,8 mán	
Meðaldvalartími útskrifaðra	18,3 mán		18,3 mán		32,7 mán	
mest	88 mán		58 mán			
minnst	1 mán		2,5 mán			
Meðalaldur	81,3 ár		82 ár		78 ár	
aldursbil	(65-95 ár)		(64-94 ár)		(58-93 ár)	
Konur	24	69%	20	69%	18	62%
Karlar	11	31%	9	31%	11	38%
Búa einir	12	34%	8	28%	9	31%
Fá heimaþjónustu(hjúkrun og/eða félagslega þjónustu)						
félagslega þjónustu)	28	80%	20	69%	22	76%
Aðstoð við böðun	24	69%	20	69%		
Aðstoð við lyfjagjafir	15	43%	8	28%		
Fóru í hvíldarinnlögn	10		9		12	
samtals daga	238		443		406	
Notfæra sér akstursþjónustu	28	80%	21	72%		
Fengu Færni og heilsumat	10		5		8	
Meðalbiðtími eftir hjúkrunarrými	3,5 mán		3,8 mán		3 mán	
mest	10,2 mán		10,8 mán		7,8 mán	
minnst	8 dagar		1,4 mán		6 dagar	
Sjúkrahúsinnlagnir	7 einst		4 einst		7 einst.	
samtals daga	206		123		186	
Útskrift	16		7		11	
Hjúkrunarheimili	8		4		9	
Foldabæ	2		1			
Sjúkrahús	5		1		2	
Andlát	1					
Heim			1			